

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu, nr. 792/2015.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

#### 2. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi tölulíðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

1.20 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/882 frá 18. mars 2024 um breytingu á ákvörðun 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu, fylgiskjal 1.20.

3.11 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/898 frá 18. mars 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 147/2003 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Sómalíu, fylgiskjal 3.11.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

#### 3. gr.

##### *Viðurlög.*

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 22. apríl 2024.*

**Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.20.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/882****frá 18. mars 2024****um breytingu á ákvörðun 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. apríl 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/231/SSUÖ<sup>(1)</sup>.
- 2) Hinn 1. desember 2023 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2713 (2023). Í þeirri ályktun er almennu og algeru banni við allri afhendingu á vopnum og herbúnaði til Al-Shabaab-samtakanna í Sómalíu komið á fót. Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2713 (2023) skuldbindur einnig öll ríki, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að Al-Shabaab-samtökin og aðrir aðilar, sem hafa þann ásetning að grafa undan friði og öryggi í Sómalíu og á svæðinu, komist yfir vopn og skotfæri, til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir alla afhendingu á vopnum, skotfærum og herbúnaði til Sómalíu, þ.m.t. bann við fjármögnun og afhendingu á vopnum, skotfærum og herbúnaði, og hún staðfestir að þessar ráðstafanir eigi ekki við um afhendingar á eða birgðir til ríkisstjórnar Sómalíu (e. Government of the Federal Republic of Somalia, GFRS), her Sómalíu (e. Somali National Army, SNA), leyniþjónustuna og öryggisstofnunina (e. National Intelligence and Security Agency, NISA), ríkislögregluna (e. Somali National Police Force, SNPF) eða refsivörslusveitir Sómalíu (e. Somali Custodial Corps).
- 3) Hinn 1. desember 2023 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna einnig ályktun nr. 2714 (2023) sem aflétti vopnasölbanninu gegn Sómalíu, sem komið var á fót með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 733 (1992).
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/231/SSUÖ til samræmis við það.
- 5) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2010/231/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:  
„Ákvörðun ráðsins 2010/231/SSUÖ frá 26. apríl 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sómalíu“.

- 2) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

*„1. gr.“*

1. Lagt er bann við beinni eða óbeinni afhendingu, sölu eða tilfærslu til Sómalíu á vopnum og hvers kyns tengdum herbúnaði, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, tækjabúnaður, sem ekki er ætlaður ríkisher, og varahlutir í fyrnefnd tæki og tól, fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkjanna eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna, hvort sem þau eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við beinni eða óbeinni afhendingu til Sómalíu á tæknilegri aðstoð, fjárhagsaðstoð eða annarri aðstoð eða þjálfun, sem tengjast hermálum, þ.m.t. tækniþjálfun og aðstoð í tengslum við útvegum, framleiðslu, viðhald eða notkun þeirra hluta er um getur í 1. mgr., af hálfu ríkisborgara aðildarríkja eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um:

- a) afhendingu, sölu eða tilflutning vopna og hvers kyns efniviðar í tengslum við þau og veitingu beinnar eða óbeinnar tækniráðgjafar, fjárhagsaðstoðar eða annarrar aðstoðar eða þjálfunar í tengslum við herstarfsemi til ríkisstjórnar Sómalíu (GFRS), hers Sómalíu (SNA), leyniþjónustunnar og öryggisstofnunarinnar (NISA), ríkislögreglunnar (SNPF) eða refsivörslusveita Sómalíu eða
- b) afhendingu, sölu eða tilflutning vopna og hvers kyns efniviðar í tengslum við þau og veitingu beinnar eða óbeinnar tækniráðgjafar, fjárhagsaðstoðar eða annarrar aðstoðar eða þjálfunar í tengslum við herstarfsemi til sambandsríkja Sómalíu og héraðsstjórna eða til leyfisskyldra einkarekinna öryggis-

fyrirtækja sem starfa í Sómalíu; afhending þeirra hluta sem tilgreindir eru í II. og III. viðauka, og veiting tækniráðgjafar, fjárhagsaðstoðar og annarrar aðstoðar og þjálfunar í tengslum við herstarfsemi skal vera með fyrirvara um eftirfarandi kröfur um samþykki eða tilkynningaskyldu sem við eiga:

- i. afhending, sala eða tilflutningur vopna og hvers kyns efniviðar í tengslum við þau, sem eru tilgreind í II. viðauka, til sambandsríkja Sómalíu og héraðsstjórna eða til leyfisskyldra einkarekinna öryggisfyrirtækja í Sómalíu, til að tryggja öryggi alþjóðlegs húsnæðis, atvinnuhúsnæðis og starfsfólks í Sómalíu, má fara fram hafi nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna ekki andmælt því samkvæmt ályktun SP nr. 2713 (2023) varðandi Al-Shabaab-stamtökin („framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir“), innan fimm virkra daga frá móttöku tilkynningar frá ríkisstjórn Sómalíu,
  - ii. afhending, sala eða tilflutningur vopna og hvers kyns efniviðar í tengslum við þau, sem eru tilgreind í III. viðauka, til sambandsríkja Sómalíu og héraðsstjórna eða til leyfisskyldra einkarekinna öryggisfyrirtækja í Sómalíu til að tryggja öryggi alþjóðlegs húsnæðis, atvinnuhúsnæðis og starfsfólks í Sómalíu er háð tilkynningu frá ríkisstjórn Sómalíu til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, aðeins til upplýsingar, með a.m.k. fimm virka daga fyrirvara,
  - c) afhendingu, sölu eða tilflutning vopna og hvers kyns efniviðar í tengslum við þau eða veitingu beinnar eða óbeinnar tækniráðgjafar, fjárhagsaðstoðar eða annarrar aðstoðar eða þjálfunar í tengslum við herstarfsemi, sem er einungis ætluð til stuðnings eða nota fyrir starfsfólk Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. fyrir sendinefnd Sameinuðu þjóðanna til aðstoðar í Sómalíu (UNSOM) og stuðningsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu (UNSOS),
  - d) afhendingu, sölu eða tilflutning vopna eða hvers kyns efniviðar í tengslum við þau eða veitingu beinnar eða óbeinnar tækniráðgjafar, fjárhagsaðstoðar eða annarrar aðstoðar eða þjálfunar í tengslum við herstarfsemi, sem er einungis ætluð til stuðnings eða nota fyrir sendisveit Afríkusambandsins vegna umbreytinga (ATMIS) og ríki sem leggja til liðsafla til herliðs og lögreglusveita sendinefndarinnar sem og helstu samstarfsaðila hennar sem starfa eingöngu í samræmi við nýjustu grunnstefnu Afríkusambandsins og í samstarfi og samræmi við ATMIS,
  - e) afhendingu, sölu eða tilflutning vopna eða hvers kyns efniviðar í tengslum við þau eða veitingu beinnar eða óbeinnar tækniráðgjafar, fjárhagsaðstoðar eða annarrar aðstoðar eða þjálfunar í tengslum við herstarfsemi, sem er einungis ætluð til stuðnings eða nota fyrir: þjálfunar- og stuðningsaðgerðir Evrópusambandsins, Tyrkland, Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og Bandaríki Ameríku, sem og annan liðsafla ríkja, sem hefur samning um réttarstöðu liðsafla eða samkomulag við ríkisstjórn Sómalíu, að því tilskildu að hann upplýsi framkvæmdanefndina um þvingunaraðgerðir, aðeins í upplýsingaskyni, um gerð slíkra samninga,
  - f) afhendingu, sölu, tilflutning eða útflutning hlífðarfatnaðar, þ.m.t. skotheldra vesta og herhjalma, sem starfsfólk Sameinuðu þjóðanna, fulltrúar fjölmiðla, einkareknir öryggisverktakar eða starfsmenn sem vinna að mannúðar- og þróunarmálum og starfslið á þeirra vegum hefur tímabundið flutt út til Sómalíu eingöngu til eigin nota,
  - g) afhendingu, sölu eða tilflutning óbanvæns herbúnaðar frá aðildarríkjunum, eða frá alþjóðlegum stofnunum, svæðisbundnum stofnunum og undirsvæðisstofnunum, sem er eingöngu ætlaður til nota í mannúðarskyni eða til varnar,
  - h) tímabundnar komur skipa sem bera vopn eða herbúnað í varnarskyni til hafna í Sómalíu, að því tilskildu að slíkur búnaður sé ætíð um borð í þeim skipum.
4. Lagt skal bann við því að hvers konar vopn eða herbúnaður, sem seld eru eða látin í té í samræmi við a, b-, c-, d- eða e-lið 3. mgr. 1. gr., sé afhentur, endurseldur, tilfluttur til eða gerður aðgengilegur til notkunar einstaklingi eða aðila sem ekki starfar fyrir viðtakandann, sem þau voru upprunalega seld til eða látin í té, eða aðildarríkinu eða alþjóðlegu stofnuninni, svæðisbundnu stofnuninni og undirsvæðisstofnuninni sem seldi þau eða lét í té.“
- 3) Í stað 3. og 4. mgr. 1. gr. c kemur eftirfarandi:
- „3 Aðildarríkin skulu tilkynna ríkisstjórn Sómalíu, henni til upplýsingar, og framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um sölu, afhendingu eða tilfærslu hlutanna, sem um getur í 2. mgr., innan 15 virkra daga frá því að hún á sér stað. Í tilkynningunum skulu koma fram allar upplýsingar sem máli skipta, þ.m.t. tilgangurinn með notkun hlutanna, endanlegur notandi, tækniforskriftir, fjöldi hluta sem verður sendur og fyrirhuguð geymslustaðsetning. Þau skulu sjá til þess að ríkisstjórn Sómalíu og sambandsríki Sómalíu fái viðeigandi fjárhagslega aðstoð og tækniaðstoð til þess að koma á fót viðeigandi verndarráðstöfunum vegna geymslu og dreifingar slíks efniviðar.

4. Aðildarríkin skulu hvetja einstaklinga og lögaðila, sem heyra undir lögsögu þeirra, til að sýna árvekni í sambandi við beina eða óbeina afhendingu, sölu eða tilfærslu til Sómalíu á forefnum sprengiefna og efniviði í þau, sem kunna að vera notuð til að framleiða heimatilbúinn sprengjubúnað, annan en þann sem tilgreindur er í IV. og V. viðauka við þessa ákvörðun. Aðildarríkin skulu halda skrár yfir viðskipti, sem þeim er kunnugt um og varða grunsamleg kaup á, eða fyrirsurnir um, aðra slíka hluti af hálfu einstaklinga eða lögaðila í Sómalíu og deila slíkum upplýsingum með sambandsstjórn Sómalíu, framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir og sérfræðinganeftndinni samkvæmt ályktun SP nr. 2713 (2023).“
- 4) Ákvæðum II., III. og V. viðauka við ákvörðun 2010/231/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 18. mars 2024.

Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(<sup>1</sup>) Ákvörðun ráðsins 2010/231/SSUÖ frá 26. apríl 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2009/138/SSUÖ (Stjtíð. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 17).

## VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/882/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)

### Fylgiskjal 3.11.

#### REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/898

frá 18. mars 2024

#### um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 147/2003 um tiltekna þvingunaraðgerðir að því er varðar Sómalíu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/882 frá 18. mars 2024 um breytingu á ákvörðun 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu(<sup>1</sup>),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 147/2003 frá 27. janúar 2003(<sup>2</sup>) um tiltekna þvingunaraðgerðir að því er varðar Sómalíu eru settar takmarkanir á að veita aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í Sómalíu fjármögnun, fjárhagsaðstoð og tækniástoð sem tengjast herstarfsemi í tengslum við vörur og tækni sem er að finna á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins. Í henni eru einnig settar takmarkanir á afhendingu til Sómalíu á vörum sem geta stuðlað að framleiðslu á heimatilbúnum sprengjubúnaði.
- Hinn 1. desember 2023 samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2713 (2023). Í þeirri ályktun er almennt og algeru banni við allri afhendingu á vopnum og herbúnaði til Al-Shabaab-samtakanna í

Sómaliú komið á fót, heiti framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir breytt, gerðar breytingar á gildissviði undanþága frá banninu við sölu vopna og tengdri fjármögnun, fjárhagsaðstoð og tækniástoð sem ætluð er viðtakendum í Sómaliú og bann við íhlutum í heimatilbúinn sprengjubúnað aðlagð.

- 3) Hinn 1. desember 2023 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2714 (2023). Í þeirri ályktun var vopnasölubanninu gegn Sómaliú, sem komið var á fót með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 733 (1992), aflétt.
- 4) Hinn 18. mars 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/882, sem breytti ákvörðun 2010/231/SSUÖ<sup>(3)</sup> í samræmi við ályktanir öryggisráðs SP nr. 2713 (2023) og nr. 2714 (2023).
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/882 er titli ákvörðunar 2010/231/SSUÖ einnig breytt.
- 6) Sumar þessara breytinga falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 147/2003 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 147/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titils reglugerðar (ESB) nr. 147/2003 kemur „Reglugerð ráðsins (EB) nr. 147/2003 frá 27. janúar 2003 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sómaliú“.
- 2) Í stað c-liðar í 1. gr. a kemur eftirfarandi:  
„c) „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“: nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ályktun SP nr. 2713 (2023) varðandi Al-Shabaab-samtökin,“.
- 3) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

*„3. gr.*

1. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um veitingu fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar sem tengist herstarfsemi, vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings á eða tækniástoðar sem tengist herstarfsemi í tengslum við vörur og tækni sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins og eru einungis ætlaðar til stuðnings eða nota fyrir:

- a) ríkisstjórn Sómaliú (GFRS), her Sómaliú (SNA), leyniþjónustuna og öryggisstofnunina (NISA), ríkislögregluna í Sómaliú (SNPF) eða refsivörslusveitir Sómaliú,
- b) starfsfólk Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. sendinefnd Sameinuðu þjóðanna til aðstoðar í Sómaliú (UNSOM) og stuðningsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Sómaliú (UNSOS),
- c) sendisveit Afríkusambandsins vegna umbreytinga í Sómaliú (ATMIS) og ríki sem leggja liðsafla til herliðs og lögreglusveita sendisveitarinnar sem og helstu samstarfsaðila hennar sem starfa eingöngu í samræmi við nýjustu grunnstefnu Afríkusambandsins og í samstarfi og samræmi við ATMIS,
- d) þjálfunar- og stuðningsaðgerðir Evrópusambandsins, Tyrkland, Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og Bandaríki Ameríku, sem og annan liðsafla ríkja, sem hefur samning um réttarstöðu liðsafla eða samkomulag við ríkisstjórn Sómaliú, að því tilskildu að hann upplýsi framkvæmdanefndina um þvingunaraðgerðir um tilvist slíkra samninga.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað veitingu fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar sem tengist herstarfsemi, vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings á eða tækniástoðar sem tengist herstarfsemi í tengslum við vörur og tækni sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins og eru einungis ætlaðar til stuðnings eða nota fyrir sambandsríki Sómaliú og héraðsstjórnir eða fyrir leyfisskyld einkarekin öryggisfyrirtæki sem starfa í Sómaliú að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

- a) að því er varðar vörur og tækni í IV. viðauka, að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi mótttekið tilkynningu frá ríkisstjórn Sómaliú og hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga,
- b) að því er varðar vörur og tækni í V. viðauka, að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi í upplýsingaskyni mótttekið fyrirframtilkynningu frá ríkisstjórn Sómaliú með fimm virkra daga fyrirvara.

3. Í tilkynningum skv. a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar skulu koma fram:

- a) upplýsingar um framleiðanda og birgi vopnanna, skotfæranna og herbúnaðarins, þ.m.t. tegund, lota eða eining og raðnúmer,
  - b) lýsingar á vopnunum og skotfærunum, þ.m.t. gerð, hlaupvídd og magn,
  - c) fyrirhugaður afhendingardagur og -staður og
  - d) allar viðeigandi upplýsingar varðandi fyrirhugaða viðtökueiningu eða fyrirhugaðan geymslustað.
4. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um veitingu fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar eða tæknaðstoðar sem tengist:
- a) sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi hlífðarfatnaðar, þ.m.t. skotheldra vesta og herhjálma, sem starfsfólk Sameinuðu þjóðanna, fulltrúar fjölmiðla, einkareknir öryggisverktakar eða starfsmenn sem vinna að mannúðar- og þróunarmálum og starfslið á þeirra vegum hefur tímabundið flutt út til Sómalíu eingöngu til eigin nota,
  - b) sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi óbanvæns herbúnaðar frá aðildarríkjunum, alþjóðlegum stofnunum, svæðisbundnum stofnunum og undirsvæðisstofnunum, sem er eingöngu ætlaður til nota í mannúðarskyni eða til varnar,
  - c) tímabundnum komum skipa sem bera vopn eða herbúnað í varnarskyni til hafna í Sómalíu, að því tilskildu að slíkur búnaður sé ætíð um borð í þeim skipum.“
- 4) Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 3. gr. c):
- „3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, áður en það selur, flytur út, afhendir eða flytur til hluti sem eru á skrá í III. viðauka til Sómalíu, tilkynna ríkisstjórn Sómalíu slíkt til upplýsingar. Það skal jafnframt tilkynna ríkisstjórn Sómalíu og framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um sölu, afhendingu eða tilflutning, eigi síðar en 15 dögum frá því salan, afhendingin eða tilflutningurinn á sér stað.
4. Í tilkynningunni skv. 3. mgr. skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t.:
- a) tilgangurinn með notkun hlutarins eða hlutanna,
  - b) endanlegur notandi,
  - c) tækniforskriftir,
  - d) magn hluta og
  - e) fyrirhuguð geymslustaðsetning hlutarins eða hlutanna.“
- 5) Í stað III. viðauka kemur I. viðauki við þessa reglugerð.
- 6) Í stað IV. viðauka kemur II. viðauki við þessa reglugerð.
- 7) Í stað V. viðauka kemur III. viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J. BORRELL FONTELLES

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L, 2024/882, 19.3.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/882/oj>.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 147/2003 frá 27. janúar 2003 um tiltekna þvingunaraðgerðir að því er varðar Sómalíu (Stjútíð. EB L 24, 29.1.2003, bls. 2).

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 17.

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/898/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list).]

---

B-deild – Útgáfudagur: 10. maí 2024